



Til: Vegagerðarinnar

Frá: Hafnanefnd Langanesbyggðar

Þórshöfn 26.03.2026

Varðar: Kostnað vegna umframdýpkunar að ósk Langanesbyggðar og Vegagerðarinnar

Minnisblað

Ísfélag hf. óskaði eftir því árið 2022 að reisa nýjan frystiklefa á hafnarsvæði, austan megin við núverandi frystiklefa. Ástæður þess voru mjög m.a. svo breyttar aðstæður á erlendum mörkuðum sem kröfðust meira geymslupláss hér á landi. Jafnframt var farið að þrengja verulega að athafnarsvæði útgerðar á Þórshöfn almennt.

Nauðsynlegt var að gera vissar breytingar á hafnarsvæði og dýpka höfnina. Rætt var við Vegagerðina um aðkomu að verkinu sem tók jákvætt í það. Flestar þessa breytinga hefur legið fyrir í einhvern tíma að þyrfti að fara í. Eflu var falið að verkstýra, gera verðkönnun og halda utan um verkið. Verðkönnunargögn voru gerð af Eflu en yfirfarin og breytt af Vegagerðinni.

Ástæða þess að farið var í að dýpka höfnina voru sameiginlegir hagsmunir allra aðila sem stunda útgerð frá Þórshöfn og í þágu framtíðaruppbyggingar hafnarinnar og hafnarsvæðisins að koma til móts þarfir allra útgerða frá Þórshöfn. Það var hagkvæmt að nýta þessa tvo verkþætti, að dýpka höfnina og nýta það efni sem upp kæmi til að búa til fyllingu og auka þar með athafnarsvæði hafnarinnar. Það hefur verið skoðun Langanesbyggðar, byggða á hugmyndum Langanesbyggðar og Vegagerðarinnar að dýpka höfnina og lengja austur/vestur bryggju um 100 metra til austurs (sjá meðal annars meðfylgjandi gögn frá 2012). Það hentaði því öllum aðilum að fara í þessa framkvæmd á þessum tíma. Þessi dýpkun var nauðsynleg vegna þróunar á notkun hafnarinnar og hafnarsvæðisins til skemmri og lengri tíma. Vegagerðin kom að hönnun verksins og lagði til hugyndir með svæði, dýpi og efnismagn sem tekið var úr höfninni.

Heildarmagn dýpkunar var 26.385 m³ sem varð meira en lagt var af stað með m.a. vegna m.a. krafna frá Vegagerðinni.

Öll þessi dýpkun er og verður fullnýtt vegna breytinga á smábátahöfninni og vegna fyrirhugaðrar lengingar á austur/vestur hafnarkanti um 100 metra samkvæmt samgönguáætlun ríkisins. Það er með öðrum orðum búið að dýpka alla höfnina með þessa framtíðaruppbyggingu í huga.

Langanesbyggð og Ísfélagið hafa greitt fyrir þessa framkvæmd við dýpkun sem búið er að framkvæmda að fullu en hafnasjóður Laganesbyggðar hefur fengið greitt 10 m.kr. króna frá Vegagerðinni upp í þann kostnað sem hafnasjóður bar.

Langanesbyggð Hafnarsjóður



Heildarkostnaður Langanesbyggðar og Ísfélags vegna við dýpkunar í höfninni var alls um 143 m.kr. Í þeirri tölu er ekki allur kostnaður við dýpkunina. Heildarkostnaður Langanesbyggðar og Ísfélagsins við verkið lætur nærri að vera um 200 m.kr. (Hafasjóður og Ísfélag munu leggja fram endanlega tölu) Sú aukning var vegna framtíðaráforma um lengingu hafnargarðs og meira dýpi við smábátahöfn.

Ósk hafnarsjóðs er að Vegagerðin viðurkenni að dýpkunin sem var gerð árið 2024 verði fyrirfram greiddur kostnaður Vegagerðarinnar samkvæmt þeim hugmyndum sem hafa verið uppi allt frá 2012 (sjá meðfylgjandi gögn frá 2012).

F.h. Hafnarsjóðs
Björn S. Lárusson
Hafnarstjóri